

Funafréttir



Rósa Steinunn Hreinsdót
Halldórsstöðum
601 Akureyri

2. Tölublað.
5. Árgangur.
April 2000.

Skýrsla stjórnar.

Stjórnin hélt 10 stjórnarfundi á starfsárinu, auk þess sem stjórnarmenn sátu nokkra fundi með stjórn Léttis. Þá var haldinn einn fundur með nefndum félagsins, auk funda með öðrum aðilum. Formannsskipti urðu í júní þegar Anna tók við formennsku af Ármanni.

Það má með sanni segja að menn hafi tekið það rólega eftir viðburðarrikt landsmótsár, enda reyndi það verulega á starfskrafa félaganna. Reynt var eftir bestu getu að halda í horfinu og engar stórframkvæmdir voru á dagskrá. Alltaf stóð til að halda áfram í skálanum en vegna fjárskorts hefur það ekki verið hægt. Reynt hefur verið eftir ýmsum leiðum að útvega fjármagn til Melgerðismela og einnig til félagsins. Sótt var um það til Vegagerðarinnar að fá endurgreiddann þann lögfræðikostnað sem félagið hafði þurft að greiða vegna reiðvegamála. Það bar árangur og við fengum endurgreiðslu frá þeim síðsumars.

Sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar kom á fót vinnuhópi til að fjalla um reiðvegamál, þar sem verið er að endurvinna deiliskipulag fyrir sveitarfélagið. Ármann átti sæti þar fyrir hönd Funa. Hópurinn hefur lokið forvinnu sinni og vonandi verður niðurstaðan kynnt hestamannafélögunum fljótega.

Anna Kristín, Dilla og Bragi Konráðs sátu ársþing U.M.S.E. sem haldið var á Hrafnagili 27. mars. Ármann sat ársþing L.H. sem haldið var í Borgarnesi 29.-30. október. Stjórnin tilnefndi Jónstein sem einvald við val á keppnisliði fyrir bikarmót Norðurlands. Mótið var haldið í Hringsholti við Dalvík 14.-15. ágúst og svo ánægjulega vildi til að Funamenn báru sigur úr býtum. Það var ekki síður ánægjulegt þegar sveitarstjórn ákvað að veita féluginu 200.000 króna styrk vegna þessa frábæra árangurs.

Í nóvember hittust formenn og varaformenn Funa, Léttis, Hrings og Þráins. Þar var til umræðu þörfin á auknu samstarfi milli félaganna, svo sem í mótaþaldi, æskulýðsstarfi, námskeiðahaldi og fleiru.

Í desember var haldinn fundur í Varmahlíð þar sem formenn hestamannafélaganna í Eyjafirði, Skagafirði og Húnavatnssýslum hittust og ræddu aukið samstarf sín á milli. Á þeim fundi var ákveðið að sækja sameiginlega um að fá að halda Íslandsmóti hestaíþróttum á Melgerðismelum sumarið 2000. Sú umsókn féll í góðan jarðveg hjá L.H. og mótið verður haldið á Melgerðismelum 27.-30. júlí.

Það hefur verið í mörg horn að líta á árinu og unnið hefur verið að ýmsum málum þó að þess verði kannski ekki mikið vart út á við í féluginu. Að lokum viljum við þakka öllum þeim sem lagt hafa féluginu lið með einhverjum hætti á árinu fyrir stuðninginn.

Stjórn Funa.

Starfsskýrslur nefnda.

Ferðanefnd.

Í ferðanefnd kom nýr og efnilegur starfsmaður á síðasta aðalfundi og vildi ólmur rífa upp ferðaandann í félagini. Ferðanefnd sá um kvennareið þann 11. júní, þar sem um 30 konur tóku þátt í og sú ferð tókst með eindænum vel. Í lok útreiðar biðu okkar ungr sveinar með heit grill og skemmtu allir sér vel fram að morgni. Fyrir hönd ferðanefndar vil ég þakka þeim herramönum, sem tóku þátt í að stjana við okkur, mjög vel. Þá sá ferðanefndin um messureið þann 20. júní. Messað var í Saurbæ og prestur var séra Arnaldur Bárðarson. Þetta var kvöldmessá og að athöfn lokinni var riðið út á Melgerðismela þar sem drukkið var messukaffi. Í þessari ferð sannaðist að gott væri að komast aftur á gömlu reiðleiðina svo að ekki þurfí að þræða Saurbæjarmýrina. Okkar árlega Sörlastaðaferð tókst mjög vel og þátttakan var mjög góð. Núna fóru rúmlega helmingi fleiri en '98 og voru ferðafélagar í meirihluta konur, sem er kannski okkar nýja starfsmanni að þakka.

Það er greinilega að lifna yfir félagsmönnum og vonandi helst áhuginn út næstu öld.

Þökkum fyrir okkur.

Hafðis, Siggi og Húni.

Skemmtinefnd.

Árshátiðin var haldin 13. mars í Laugarborg. Að venju undangenginna ára var árshátiðin haldin í samstarfi við félagsmenn Léttis og hélt árshátiðarnefndin marga skemmtilega fundi til undirbúnings hátiðinni.

Að öðru leyti voru matargestir 160 og hljómsveitin Einn og sjötíu hélt uppi dansfjöri. Miðaverð var kr. 2500 og veitingamenn Bautans sáu um matargerð og veisluföng. Inni í húsaleigunni var dyravarsla og hreinsun hússins. Tap varð á rekstri hátiðarinnar sem nemur kr. 12500, en nokkru færri sóttu samkomuna en vænst var. Ýmsar ástæður eru fyrir því, einkum menningarviðburðir á við söngskemmtun Karlakórs Eyjafjarðar, leiksýningu hjá Freyvangsleikhúsini og heimssýninguna Equitana í Essen í Þýskalandi. Réttarballið var haldið í Sólgarði 9. október 1999. Eitthvað hefur farið úrskeiðis með fyrirvara réttarballsins því allir hlutir voru á síðasta snúningi.

Frænka hrepptjórans hélt uppi dansinum við góðan orðstír. Veitingar voru á ábyrgð skemmtinefndar, dyraverðir á ábyrgð hússins og skemmtinefndin sá um þrifin á húsinu. Aðgangseyrir var kr. 1500. Alls sóttu meintan dansleik um 60 manns og reyndist hagnaðurinn í lokin vera u.þ.b. kr. 10000, þrátt fyrir allt. Rétt er að benda á að betra sé að hafa meiri fyrirvara á þessari annars ágætu hátið, en vissulega var mikil óvissa með réttardaginn sjálfan.

Skemmtinefndina þetta árið skipuðu Hulda, Rósa, Þorsteinn, Águst og Bergljót.

Barna og unglingsaráð.

Starfið í nefndinni hófst á því að stjórн félagsins kvaddi saman allar nefndir félagsins, þann 10 mars, til að ræða starfsárið framundan. Fundir nefndarinnar urðu 5 talsins á árinu, efni þeirra var undirbúningur á því sem verið var að gera hverju sinni.

Þann 7 maí héldum við árshátið á Melgerðismelum og var mikið fjör, þar mættu 24 krakkar. Ætlunin var að hafa reiðnámskeið í júní fyrir þá krakka sem hyggðu á keppni, en þátttaka var nánast engin, svo það var hætt við það.

Í byrjun ágúst var farið í feikna góða félagsferð með krökkunum fram í Borg og gist þar eina nótt með 22 krakka. Dagana 17 til 20 ágúst var haldið byrjandanámskeið eins og mörg undanfarin ár og voru þátttakendur 43 talsins.

Í nóvember og desember voru tveir sameiginlegir fundir með æskulýðsnefndum Léttis og Hrings, þar var rætt aukið samstarf nefndanna á Eyjafjarðarsvæðinu. Léttir bauð svo krökkunum frá félögnum í heimsókn um mánaðarmótin nóvember/desember. Þar flutti Jón Knudsen erindi um skyndihjálp og farið var í leiki, þátttaka okkar krakka var ágæt, eða 12 börn. Fyrirhugað er að Hringur bjóði svo heim í janúar, þar sem lögreglan fræðir börnin um umferðarmál og síðan ætlar Funni að bjóða heim í febrúar og er fyrirhugað að fá dýralækni í heimsókn. Þá var rætt um að þessi félög færu saman í heimsókn að Hólum seinna í veturna.

Ég held að ég hafi talið upp allt það helsta og þakka nefndarmönnum samstarfið á árinu.

Bjarni Guðmundsson.

Reiðveganefnd.

Verkefni hjá reiðveganefnd voru fremur lítil á starfsárinu, þ.e. engin. Því voru engir fundir haldnir í nefndinni. Að vísu var skipuð nefnd á vegum sveitarstjórnar þar sem hugmyndir að reiðvegakerfi innan sveitarinnar voru settar á blað. Í þessari nefnd var einn frá Funa, einn frá Létti, einn frá Búnaðarfélagi Öngulstaðahrepps, einn frá Búnaðarfélagi Saurbæjarhrepps og svo átti einn að koma frá Búnaðarfélagi Hrafnagilshrepps, en þeir sögðu að það væri nánast dautt og vísuðu á BSE, en þaðan kom enginn og síðan sveitarstjóri. Fyrst var farið í vettvangskannanir og svo var farið að strika niður á kort reiðleiðir sem verða kynntar síðar.

Fyrir hönd reiðveganefndar.

Ármann Ólafsson.

Mótanefnd.

Mótanefnd Funa hélt eða var aðili að 4 móturnum á síðasta ári.

Fyrsta mótið var íþróttamót Funa sem var haldið 22. apríl.

Annað mótið var gæðingamót og kappreiðar Funa sem var haldið 12.-13. júní. Þriðja mótið voru sameiginlegir hátiðisdagar Léttis og Funa sem voru haldnir 24.-25. júlí. Að lokum tók mótanefndin þátt í undirbúningi á bæjarkeppni Funa sem var haldin 21.

ágúst. 29. maí átti að halda Héraðsmót U.M.S.E. í hestáíþróttum á Melgerðismelum.

Mótanefndin undirbjó og auglýsti það móti en vegna lélegrar þátttöku var það móti blásið af. Mótanefnd Funa hélt 8 fundi á síðasta ári.

Fyrir hönd mótanefndar.

Ævar Hreinsson.

Fræðslunefnd.

Fræðslunefnd hefur gefið út þrjú tölublöð af Funafréttum frá síðasta aðalfundi. Það fyrsta kom út í mars, það næsta í júní og það síðasta nú í janúar, en það var sökum annrikis hjá ritstjóranum. Einn nefndarmaður hætti í félaginu og flutti burt af svæðinu í vor þannig að þá fækkaði í nefndinni. Enginn formlegur fundur var haldinn en við ræddumst við í síma fyrir útgáfu hvers tölublaðs.

Á síðasta aðalfundi var rætt um Funafréttir og var óskað eftir því að félagsmenn yrðu duglegir að leggja blaðinu til efni. Aðsent efni barst í fyrsta tölublaðið en síðan ekki sögunnar meir. Það er ekkert launungarmál að ritstjórinn vildi geta gefið Funafréttir út ársfjórðungslega, þ.e. í mars, júní, september og desember, en að öllu óbreyttu er ekki grundvöllur fyrir því. Að lokum vil ég þakka nefndarmönnum fyrir samstarfið á árinu og óska Funafréttum langlífis.

Fyrir hönd fræðslunefndar.

Anna Kristín Árnadóttir.

Húsnefnd.

Nefndin hefur haft í mörg horn að líta þetta árið, hún hóf störf með miklum krafti, ákveðin voru viðfangsefni starfsársins á fyrsta formlega fundinum og litu háleit sjónarmið dagsins ljós sem því miður náðu ekki að fæðast og verða menn. Til dæmis var alltaf á döfinni að standa fyrir fjároflun með bingói og dükleggja húsið fyrir ágóðann, en því miður dróst það, en húsnefnd þakkar stjórninni fyrir hugulsemina að hafa hlaupið undir bagga með húsnefnd og útvegað í staðinn undirburð.

Gerður var samningur við Vífiffell hf. um kaup á gosi og skölluðu þeir okkur kæli og þjónustu sem er heimsending á blandi, það sparar heilmikla keyrslu og burð.

Bjössi okkar Hesjuvellingur skellti saman afgreiðsluborði fyrir okkur, okkur til ánægju og yndisauka að ég tali nú ekki um þæginda og á hann þakkir skilið.

Eitt af draumaverkefnum nefndarinnar var að opna húsið meira og var því verkefni gefið nafnið "heitt á könnunni", en það er eitt af fáum verkefnum sem við komum í framkvæmd. Það byrjaði ágætlega en um framhaldið skal ekki tiundað.

Árið virðist hafa verið ár kaffihlaðborðanna, allavegana finnst okkur þremenningunum það. Fljótt eftir aðalfund eða 13. mars var frumraunin, þ.e.a.s. Hrossaræktarsamtök Ey og Þing voru með hátið með tilheyrandi veitingum, svo var það sumardagurinn fyrsti og svo annað hlaðborð hjá Ey og Þing svo að eithvað sé nefnt. Fyrir kosningar var einn framboðsfundur þar sem við seldum kaffi. Hrossaræktarsamtókin hafa verið með þó nokkra fundi, formlega og óformlega þar sem við höfum séð um kaffi. Þó ekki hafi alltaf verið hægt að uppfylla óskir um kræsingar með stuttum fyrirvara, en þeir hafa þó tekið okkur til greina því að nú panta þeir með mánaðar fyrirvara, já það er nú ýmist of eða van í bransanum. Húsnefndin sá um veitingasölu á kynbótasýningunni og var að auki með dómarar og starfsfólk í mat, það þótti bæði löng og ströng vika.

EKKI var öllum þrekvirkjum húsnefndar þó lokið, því þegar mótmók fækkaði, þá þurfti að undirbúa húsið fyrir móttöku erlendra gesta sem voru hvorki meira né minna en 200 talsins. Það voru Bændasamtök Íslands sem héldu grillveislu í tengslum við norræna bændaráðstefnu hér á Akureyri. Það kom frændum vorum spánskt fyrir sjónir þegar þeir uppgötvuðu að ákveða þurfti með 20 mínútna fyrirvara ef þeir þyrftu að nota WC. Því okkur til skelfingar voru úti WC full af sagi svo einungis var hægt að bjóða uppá 2 WC fyrir hópinn en það bjargaðist allt.

Ekki hefur verið mikið um formlega fundi hjá húsnefnd enda ekki fyrir formlegheit og var einungis skrifuð ein fundargerð á árinu, annars bara punktað niður í dagbók það sem koma skyldi. Tíminn sem fór í að því var gjarnan notaður til að spá og spekúlera. Húsið var leigt út einu sinni til skemmtanahalds og var það Freyvangsleikhúsið sem var kvöldstund við leiki og varðeld sem að sjálfsögðu var fengið leyfi fyrir. Ekki var neitt um bjór og skemmtikvöld á vegum nefndarinnar, en í staðinn vent kvæði í kross og húsið lánað fyrir AA fundi tvisvar sinnum.

Ýmislegt er örugglega óupptalið sem gert var á árinu en hætta ber leik þá hæst hann stendur.

Ótal margt á húsnefnd brann
og allmörgu hún sinnti.
Af og til á rassinn rann
og raunum aldrei linnti.

Þá er kominn tími til að hætta þessu raupi, í lokin kemur smá innlegg frá eftirsitjandi húsverjum.

Þegar verjurnar verða varðarlausar
þá vanda skal valið.
Við vonum að hér sjáist margir hausar
því undan okkur er kalið.

Bestu kveðjur um góðan aðalfund.
Húsnefnd.



Mótadagar Funa 2000.

13. - 14. maí Íþróttamót Funa - Héraðsmót UMSE.
11. júní Gæðingamót Funa - Kappreiðar - Úrtaka fyrir Landsmót.
27. - 30. júlí Íslandsmót í hestaíþróttum á Melgerðismelum.
19. ágúst Bæjakeppni Funa.

Aðrir viðburðir.

2. - 4. júní Frissa-fríska leikarnir.
8. - 10. júní Kynbótasýning á Melgerðismelum.
16. júní Kvennareið.
25. júní Messureið.
11. - 13. ágúst Félagsferð.
11. - 12. ágúst Síðsumarssýning kynbótahrossa á Akureyri.

Herrírou hey!
Managildið
102-2748
103-1521

Eftirtaldir aðilar sitja í stjórn og nefndum Funa árið 2000.

Stjórn.

Formaður:	Anna Kristín Árnadóttir	Leifshúsum	462-4916
Varaformaður:	Jónsteinn Aðalsteinsson	Tröllagili 17	462-4848
Gjaldkeri:	Hörður Guðmundsson	Svertingsstöðum 2	462-4942
Ritari:	Brynjar Skúlason	Hólsgerði	463-1551
Meðstjórnandi:	Stefán Birgir Stefánsson	Teigi	463-1249
1. varamaður:	Ævar Hreinsson	Munkaþverárstr.4	461-2491
2. varamaður:	Húni Zophoniasson	Litla-Hamri	463-1216

Mótanefnd.

Formaður:	Gunnar Frímannsson	Snægili 6	462-2015
	Jónsteinn Aðalsteinsson	Tröllagili 17	462-4848
	Kristján Leósson	Aðalstræti 3	868-3287
	Stefán Agnarsson	Hólavegi 9	466-1802
	Þórhallur Þorvaldsson	Ysta-Gerði	463-1265

Barna og unglingsaráð.

Formaður:	Auður Hallsdóttir	Tröllagili 14	462-2896
	Anna Rappich	Grund 2	463-1398
	Erna Sigurgeirs dóttir	Hríshóli	463-1315
	Hákon Harðarson	Svertingsstöðum 2	462-4942
	Þór Hjaltason	Akri	463-1221

Skemmtinefnd.

Formaður:	Ágúst Ásgrimsson	Samkomugerði 2	463-1294
	Bergþór Ásgrimsson	Aðalstræti 70	462-2383
	Eva D. Jóhannesdóttir	Litla-Garði	463-1290
	Heimir Gunnarsson	Lerkilundi 31	461-2016
	Þorsteinn Egilson	Grund 2	463-1398

Ferðanefnd.

Formaður:	Sigurður Ólafsson	Árbakka	463-1166
	Jóhannes Jóhannesson	Mánahlíð 1	462-5748
	Sigríður Bjarnadóttir	Hólsgerði	463-1551

Reiðveganefnd.

Formaður:	Ármanн Ólafsson	Litla-Garði	463-1290
	Stefán Birgir Stefánsson	Teigi	463-1249
	Sverrir Reynisson	Bringu	463-1242

Fræðslunefnd.

Formaður:	Anna Kristín Árnadóttir	Leifshúsum	462-4916
	Hjörðís Bergsdóttir	Smárahlíð 4 g	462-1342
	Rósa Hreinsdóttir	Halldórsstöðum	463-1272

Húsnefnd.

Formaður:	Reynir Björgvinsson	Bringu	463-1220
	Ásta Hrönn Harðardóttir	Hólakoti	463-1311
	Dýrleif Jónsdóttir	Litla-Garði	463-1290
	Hörður Guðmundsson	Svertingsstöðum 2	462-4942
	Rósa Hreinsdóttir	Halldórssstöðum	463-1272
	Sigríður Jóhannsdóttir	Jórunnarstöðum	463-1317
	Ævar Hreinsson	Munkabærarstr.4	461-2491



Lexía.

Tveir sölumenn á ferðalagi þurftu að leita næturskjóls á bónabýli vegna vélarbilunar. Húsfreyjan var falleg kona, nýorðin ekkja. Nokkrum mánuði síðar kom.

Nokkrum mánuðum seinna vék annar sölumaðurinn að þessari nótvið félaga sinn: Segðu mér, ekki vænti ég að þú hafir læðst inn til ekkjunnar barna um nöttina?

Jú, svaraði hinn, það gerði ég rannar

EKKI VÆNTI ÉG AÐ BÚ HAFIR EINNIG NOTAÐ MITT NEF-2

Jú, ég gerði það mér hvíkis það leitt.

Það bykir mér ekki. Ég var að fá bréf frá lögfræðingnum hennar. Hún er látin og arfleiddi mig að öllum eignum sínum

Uppreisn.

Hefurðu heyrt síðustu ósk kúgaða eiginmannsins - 2

Hann vildi að öskunni hans yrði dreift á stofutenni

Lagabreytingar.

Á aðalfundi Funa í febrúar voru samþykktar breytingar á lögum félagsins. Annars vegar er um að ræða breyttan gjalddaga á árgjaldi og hinsvegar um breytingu á skipan í nefndir. Þessar lagagreinar eru því svohljóðandi:

4. grein.

Árgjald félagsmanna skal ákveðið fyrir hvert starfsár á aðalfundi. Gjalddagi þess skal vera 15. mars og eindagi þess 15. apríl. Séu félagsmenn ekki skuldlausir við félagið á eindaga, missa þeir öll félagsleg réttindi í féluginu, þar með talið keppnisrétt, þar til skuldin er að fullu greidd. Félagsmenn sem ekki hafa greitt sitt árgjald um áramót, verða sjálfkrafa strikaðir út af félagaskrá. Fyrir alvarleg brot gegn lögum félagsins er stjórn heimilt að víkja mönnum úr féluginu. Brottviknum félaga er heimilt að áfrýja máli sínu til aðalfundar.

7. grein.

Eftirtaldar fastanefndir og ráð eru í féluginu: húsnefnd, mótanefnd, barna og unglingsaráð, skemmtinefnd, reiðveganefnd, ferðanefnd og fræðslunefnd. Fyrst talda nefndin er skipuð 7 mönnum, þrjár næstu eru skipaðar 5 mönnum og síðustu þrjár eru skipaðar 3 mönnum. Nefndarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn á aðalfundi, þó þannig að aldrei gangi úr nefndinni nema naumur meirihluti hverju sinni. Stjórn félagsins er heimilt að skipa tengiliði við nefndir. Stjórnin kallar nefndir saman til fyrsta fundar, en að öðru leyti skipta nefndarmenn með sér verkum.



Ferð án fjár.

Bóni nokkur stal hesti í úthaga og sendi vinnumann með hann í kaupstað til að selja hann og skildi vinnumaður fá fjórða part af andvirðinu. En vinnumaður kom við í húsi í útjaðri kaupstaðarins, þar sem vín var haft um hönd, skildi hann hestinn eftir utandyra, bundinn við staur. Þegar vinnumaður kom út var búið að stela hestinum. Fór vinnumaður heim við svo búið. Þegar heim kom sagði bóndi: Jæja vinskapur. Upp með peningana mínus fjórða partinn þinn. Það eru engir peningar, sagði vinnumaðurinn, ég soldi hestinn á innkaupsverði.

Landbúnaðarráðuneytið.


Skýli fyrir útigangshross.

Landbúnaðarráðuneytið vekur athygli bænda og annarra hrossaeiganda á eftirfarandi ákvæðum 5. gr. reglugerðar um aðbúnað og heilbrigðiseftirlit hrossa, nr. 132/1999:

“Hross sem ganga úti að vetri til skulu geta leitað skjóls í sérstöku húsi, eða skýli sem hefur þrjá veggi hið minnsta nema jafngilt náttúrulegt skjól sé fyrir hendi að mati eftirlitsaðila. Þar skal vera nægilegt fóður og vatn. Umhverfi, hönnun og viðhald húsa og skýla skal vera þannig að ekki valdi slysum og gripir haldist hreinir.”


Frestur til að uppfylla framangreind skilyrði rennur út í árslok 2000.

Reykjavík, 14. febrúar 2000.
Landbúnaðarráðuneytið.



Frá ritstjóra.

Næsta tölublað Funafréttar kemur út í lok maí og vil ég hvetja nefndir félagsins til að senda mér línu ef þær vilja koma einhverju á framfæri. Þá er hinum almenna félagsmanni einnig velkomíð að senda mér efni í blaðið. Takið nú upp pennan eða notið tölvupóstinn og stuðlið þar með að langlífí Funafréttu. Netfangið er annakristin@islandia.is
Með kærri kveðju. Anna Kristín Árnadóttir Leifshúsum 601 Akureyri.



Raunsæi.

Eftir margra mánaða strit í garðinum fór Jón í Vogunum loks að sjá árangur erfiðis síns. Þegar hann var að virða fyrir sér blómin og gljáann á trjágreinunum gekk presturinn hjá, brosti og sagði:
Jæja Jón, þú og Guð hafið verið vel að verki hér í garðinum.
Og svei svaraði Jón. Þú hefðir bara átt að sjá garðinn meðan Herrann hugsaði einn um hann.